

**From:** [studentaradhi@gmail.com](mailto:studentaradhi@gmail.com) [<mailto:studentaradhi@gmail.com>] **On Behalf Of** Stúdentaráð Háskóla Íslands

**Sent:** 25. janúar 2016 11:06

**Subject:** Varðandi Frumvarp til laga um almennar íbúðir

Góðan dag,

Við í Stúdentaráði sendum ekki inn athugasemdir varðandi frumvarpið til laga um almennar íbúðir. En eftir að hafa rætt við Guðrúnu Björnsdóttir, framkvæmdastjóra Félagsstofnun um frumvarp til laga um almenn húsnæði getum við ekki staðið á okkur vegna þeirra áhrifa sem þetta frumvarp gæti haft á rekstur FS einkum vegna þessara þátta. FS sendi um umsögn og styður Stúdentaráð heilshugar þá umsögn.

1. Ef frumvarpið verður að lögum mun FS ekki lengur geta fengið lán til byggingu leiguíbúða á sérstökum vaxtakjörum.
2. FS áformar að hefja byggingu 200 íbúða í formi stúdentagarða á árinu sem mun ekki vera hægt ef frumvarpið fer í gegn, því það á að taka gildi 1. janúar 2016.
3. Það svokallaða stofnframlag sem ítrekað er minnst á í frumvarpinu virðist vera mjög laust í reipunum. Hið opinbera, ríki og sveitafélög, hefir heimild til þess að endurheimta framlagið en það eru engin ákvæði um hvenær það skal gert eða með hvaða móti sem ber með sér mikla óvissu í lánskostnaði og þar af leiðandi leigukostnaði fyrir námsmenn.
4. Samkvæmt frumvarpinu eru sveitafélög og félagsbústaðir undanskildir ákveði frumvarpsins um hvernig eigi að verðleggja leiguíbúðir. Þær reglur sem koma fram í 19. gr. frumvarpsins eru íþyngjandi fyrir FS og stúdenta þar með. Ef FS þyrfti að fylgja þessum reglum yrði það til þess að leigukostnaður myndi hækka mikið í nýrri byggingum þar sem byggingarkostnaður þeirra var mikið dýrari m.a. vegna byggingareglugerða en eldri húsnæðin.
5. Fjármögnun þessa Húsnæðismálasjóðs sem á að tryggja sjálfbærni almenna íbúðakerfisins. Þessi fjármögnun felur í sér föstum kostnaði af leigutekjum og frekari kostnaði þegar lán og stofnframlag eru uppgreidd að fullu. Sem hvetur í raun félög til þess að framlengja lán og þar af leiðandi hækka leiguverð til nemenda.

Að lokum er fátt sem bendir til þess að þetta frumvarp muni verða til þess að framfylgja markmiði sinu sem er að leigukostnaður verði 20-25% af tekjum. Heldur þvert á móti mun það verða til hækkandi verð á leiguhúsnæði FS og gera þeim erfiðara fyrir að stækka og sinna nemendum eins og best væri á kosið.

Við óskum eftir því að þú hafir okkur í huga þegar umræðan hefst um frumvarpið.



Tryggvi Másson - Hagsmuna- og lánaþjófssfulltrúi 2015/2016  
Stúdentaráð Háskóla Íslands - Sæmundargata 4 - 101 Reykjavík, Ísland  
Tel: 5700850 - Mobile: +354 6923941

Follow us on Twitter [@Studentarad](https://twitter.com/Studentarad) and join us on [Facebook](https://www.facebook.com/Studentarad)